

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Benedikt Jóhannsson, á að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að endurgjalda Páli Pálsyni í Dæli 3 kr. 86 a., sem og að borga allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Sýslumanninum í Húnavatnssýslu, Lárusi Þ. Blöndal, ber að greiða 30 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi fátækra sjóð.

Ídæmd útgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 20/1882

Þorgrímur Ásgrímsson
og Þórey Þorleifsdóttir
gegn

Birni og Sigurði Pjeturssonum

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Skaga-fjarðarsýslu 20. dag júlímánaðar 1882, voru áfrýjendur þessa máls, Þorgrímur Ásgrímsson og móðir hans Þórey Þorleifsdóttir, dæmd til að sleppa þeirri hálfendu Hofstaðasels, sem eigi er eign Þorgríms, í fardögum 1883, og til að skila henni þá í gildu standi til hinna stefndu, Björns Pjeturssonar og

Sigurðar Pjeturssonar. Svo eru og áfrýjendurnir skyldaðir til sameiginlega að greiða til hinna stefndu í málskostnað 25 kr. og í sekt til landssjóðs 8 krónur hvort þeirra.

Þessum dómi hafa þau Þorgrímur Ásgrímsson og Þórey Þorleifsdóttir áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 28. nóvbr. f. á., og hafa þau fyrir yfirdóminum krafizt, fyrst og fremst, að dómur undirrettarins verði dæmdur ómerkur, en til vara, að áfrýjendurnir verði dæmd sýkn af öllum kærnum og kröfum hinna stefndu. Svo hafa þau og krafizt, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða þeim allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 krónum, eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjendurnir verði dæmd til að lúka málskostnaði með 100 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Mál þetta var í hjeraði fyrst höfðað gegn Þorgrími Ásgrímssyni einum, og var tilgangurinu með því að fá hann dæmdan til að vikja af hálfu Hofstaðaseli í fardögum 1882, því hinir stefndu töldu hann einan hafa búið á hálfendunni frá árinu 1876, og að hann hefði verið skyldur til að fara frá henni 1881. En meðan á málinu stóð urðu þeir þess vísari, að Þórey byggji á parti hálfendunnar, og að Þorgrímur mundi sitja í byggingu móður sinnar, en hún hafði ábúðarrjett til þess í fardögum 1883. Tóku þeir þá út framhalds, viðauka eða adcitationsstefnu 1. maí. 1882, með hverri einnig Þóreyju var stefnt, er átti að koma í dóm 20. s. m.—En þegar 8. s. m. lögðu hinir stefndu stefnu þessa í dóm.

Þessari aðferð var mótmælt af Þorgrími Ásgrímssyni, en af Þóreyjar hendi var enginn mættur. Með því að hinum stefndu ekki kom nein heimild til gegn mótmælum að leggja stefnuna í dóm og byrja málið fyrr en ákveðið var í stefnunni, ber að vísa framhaldsstefnunni frá hjeradsdómi.

Að því kemur til aðalmálsins, eða hins upprunalega máls gegn Þorgrími Ásgrímssyni, þá eru mála-
vextir þannig, að árið 1867 byggði síra Benidikt Vigfússon á Hólum, sem þá átti hálf Hofstaðasel, Ásgrími Árnasyni hálfendu þessa um 16 ár; skyldi ekkja hans, ef hans missti við, njóta sama ábúðarrjettar, og var þeim heimilt að taka einhvern sona sinna í sambýli við sig. Um þetta er enginn ágreiningur meðal málspartanna. Árið 1876 mun ekkja hans, Þórey Þorleifsdóttir, hafa tekið Þorgrím son sinn í sambúð við sig, og hvað sem um það er, hvort Þorgrímur hafi haft alla jörðina um tíma eða ekki—en um það varðaði hina stefndu alls ekki meðan þeir engin umráð höfðu fengið yfir hálfendunni — þá er sannað, að hann einungis var í sambýli við móður sína og í hennar byggingu þegar málið var höfðað.

Með því nú að Þórey Þorleifsdóttir hefur heimild fyrir og ábúðarrjett á hálfendunni til fardaga 1883, og það er samkvæmt byggingarskilmálum hennar, að hún hefur tekið Þorgrím son sinn í sambýli við sig, þá hafa hinir stefndu engan rjett til að meina honum ábúð á jörðunni meðan ábúðarrjettur móður hans er við líði, og ber því að dæma hann sýknan af kærnum og kröfum hinna stefndu í frummálinu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum stefndu

að endurgjalda áfrýjendunum málskostnað bæði fyrir undir og yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 80 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Þorgrímur Ásgrímsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hinna stefndu í frummálinu. Viðauka- eða framhaldsmálinu vísast frá hjeradsdómi. Hinir stefndu, Björn Pjetursson og Sigurður Pjetursson, eiga að greiða áfrýjendunum 80 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 16/1883.

Rjettvísín

gegn

Jóseph Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10. dag marzmán. þ. á., var hinn ákærði, Jóseph Ólafsson, dæmdur til þess að sæta 2 ára betrunarhússvinnu fyrir þjófnað framinn í 3. sinn. Skyldi hann einnig greiða allan kostnað af málinu og iðgjöld hins stolna til Árna Sveinbjarnarsonar á Oddstöðum 9 kr. og til Tómasar Jónssonar á Skarði 3 kr.

Það er með eigin játningu hins kærða og öðrum sönnunargögnum í málinu löglega sannað, að hinn ákærði um haustið 1881, þegar hann var sendur af húsbónda sínum, sem þá var, Árna Sveinbjarnar-